

Föstudaginn 8. nóvember 1991.

Nr. 488/1989. **Viðskiptaráðherra og
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs**

(Sigrún Guðmundsdóttir hdl.)

gegn

Sigurgeiri Sigurjónssyni

(Óskar Magnússon hdl.).

Verðlagseftirlit. Auglýsingar. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. desember 1989. Þeir krefjast sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Atvikum er lýst í héraðsdómi, en við það er eftirfarandi að bæta:

Auglýsing viðskiptaráðuneytisins tók yfir hálfa síðu. Efst er fyrir sögn þvert yfir síðuna: Hver er munurinn á þessum myndum? Þar fyrir neðan er sama ljósmynd af fermingarstúlku birt tvisvar, og stendur 4000 kr. við aðra, en 8000 kr. við hina. Þá er texti í tveimur dálkum og fyrir honum fyrirsögn: Verðmunurinn. Þessi texti er svohljóðandi:

„Í 11. tölublaði Verðkönnunar VERÐLAGSSTOFNUNAR, sem gefin var út 18. mars, kemur fram ótrúlegur verðmunur á fermingarmyndatökum.

Á ljósmyndastofu Jóns K. Sæmundssonar kostar myndatakan 4000 kr., og er ekkert aukagjald, þótt hún fari fram á fermingardegi. Hjá Svipmyndum kostar fermingarmyndatakan 8000 kr. og aukagjald tekið, ef hún fer fram á fermingardegi, kr. 1000. Hér er verðmunurinn 4000 kr. eða 100%. - Það munar um minna.

VERÐLAGSSTOFNUN kannaði verðlagningu hjá ljósmyndastofum á höfuðborgarsvæðinu. Könnunin náði til fermingarmynda,

stækkana og skilríkjamýnda. Hjá Ljósmyndastofu Kópavogs kostar fermingarmýndatakan enn meira en áður nefnt dæmi sýnir, og eru þá innifaldar tvær stækkanir (18x24 cm). Þetta sýnir okkur, að vissara er að hafa augun opin, þegar fólk ber saman verð hjá ljósmyndastofum.

Það er augljóst, að það borgar sig að gera verðsamanburð á milli ljósmyndastofa og sérstaklega nú, þegar fermingarnar eru skammt undan.“

Til hliðar við þennan texta er mynd af auga. Ofan við segir: VERUM Á VERÐI, en neðan við : VIÐSKIPTARÁÐUNEYTIÐ.

II.

Auglýsing stefnda tók yfir eina dagblaðssíðu. Þar eru 9 myndir, sem ætla verður, að teknar hafi verið á ljósmyndastofu hans, auk myndar af auglýsingu ráðuneytisins, sem kross er settur yfir. Efst er með stóru lettri: „VIÐ TÖKUM LJÓSMYNDIR ALVARLEGA.“ Til hliðar segir með minna lettri: „Tökum bæði í lit og svart-hvítu.“ Næst koma þessi orð:

„Fáar myndatökur eru eins vandmeðfarnar og ljósmyndun á fólki. Í sérhverjum andlitsdrætti og í hverjum augnsvip er fólgin tjáning um sögu, hugsun og persónuleika einstaklingsins þetta augnablik, sem aldrei kemur aftur. Að nema þá tjáningu og festa á filmu, þegar hún ris hvað hæst, er vandasamt. Það krefst kunnáttu, þolinmæði og næmi að glíma við persónumyndir, ef góður árangur á að nást.“

Á öðrum stað segir þessu næst:

„Hjá Svipmyndum er öll ljósmyndun tekin sem list. Fermingar myndir eru þar engin undantekning. Ljósmyndir, sem teknar eru á tímamótum, fara víða og geymast lengi, - jafnvel í árhundruði (sic). Þess vegna tökum við ljósmyndun alvarlega, setjum gæðin ofar öllu og sættum okkur aðeins við það besta. Gerðu því ekki sömu mistökin og Viðskiptaráðuneytið gerir í auglýsingum sínum um síðustu helgi. Berðu ekki eingöngu saman verð - láttu gæðin skipta þig máli líka!“

Neðarlega á síðunni segir: „SVIPMYNDIR - PORTRET STUDIO - Hverfisgötu 18 - Sími 22690“.

Enn neðar er texti við hlið myndarinnar af auglýsingu ráðuneytisins. Þar segir:

„Í þessari auglýsingu frá Viðskiptaráðuneytinu er hvergi minnst á gæði, alúð og vandvirkni hinna mismunandi ljósmyndastofa. Að auki er gefið í skyn að sú ljósmynd af fermingarbarni, sem notuð er í auglýsingunni, sé tekin á Svipmyndum. Viðkomandi ljósmynd uppfyllir ekki þær gæðakröfur, sem Svipmyndir gera til vinnu sinnar, og myndbirtingin er því til þess fallin að valda fyrirtækinu álits-hnekki. Þessari auglýsingu hefur verið mótmælt og þess farið á leit að hún verði dæmd ómerk.“

Í framanskráðum lýsingum er sumra leturbreytinga ógetið.

III.

Í hinni umdeildu auglýsingu frá viðskiptaráðuneytinu er gerður samanburður á verði á fermingarmyndum hjá ljósmyndastofum, en þess látið ógetið, að ekki hafi verið reynt að meta gæði þjónustunnar. Þá er sama mynd, sem tekin var vegna auglýsingarinnar, birt tvisvar og enn getið um mismunandi verð. Verður að skilja þetta á þann veg, að um sé að ræða þjónustu í sama gæðaflokki, hvort sem hið hærra gjald er tekið eða hið lægra. Þessi atriði eru andstæð 27. gr. laga nr. 56/1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, en þar segir meðal annars, að í auglýsingum sé óheimilt að veita villandi upplýsingar, sem fallnar séu til að hafa áhrif á eftirspurn eftir þjónustu. Á stefndi rétt til bóta vegna þessa.

Eins og málflutningi aðila er háttað, kemur lækkun bótakröfu ekki til álita af réttarfarsástæðum. Verður því að meta, hvort auglýsing stefnda fari í þeim mæli fram úr eðlilegum viðbrögðum af hans hálfu, að taka beri sýknukröfu áfrýjanda til greina.

Ljóst er, að aðeins ein eða tvær þeirra 9 mynda, sem eru í auglýsingu stefnda, eru af fermingarbörnum. Þá má fallast á það með áfrýjanda, að í textunum í auglýsingunni gæti ummæla, sem fremur eru almenn auglýsing fyrir stefnda en viðbrögð við því, sem frá ráðuneytinu kom. Þá er auglýsingin tvisvar sinnum stærri en auglýsing ráðuneytisins, en hins vegar birtist hún einu sinni, en ráðuneytis-auglýsingin þrívegis. Á móti þessu kemur, að stefnda var rétt að lögum að bregðast við auglýsingu ráðuneytisins með því að leitast við að koma í veg fyrir fjártjón. Þegar öll atvik eru virt, þykir ekki vera unnt að taka sýknukröfu áfrýjanda til greina.

Samkvæmt framansögðu verður héraðsdómur staðfestur um annað en málskostnað, sem dæmist eins og segir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur um annað en málskostnað.

Áfrýjendur, viðskiptaráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, greiði stefnda, Sigurgeiri Sigurjónssyni, 135.000 krónur í málskostnað samtals fyrir héraðsdómi og Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 6. nóvember 1989.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. október sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af Sigurgeiri Sigurjónssyni ljósmyndara, með starfsstöð að Hverfisgötu 18, Reykjavík, gegn viðskiptaráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, með stefnu, þingfestri 16. júní 1988.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð 226.557 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 17. júní 1988 til greiðsludags. Tekið verði fram í dómsorði um dráttarvextina, að þeim skuli bæta við þann höfuðstól, sem dráttarvextirnir reiknast af, á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 17. júní 1989. Þá er krafist úr hendi stefnda málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ. Í rekstri málsins hefur stefnandi fallið frá upphaflegri kröfu sinni um dráttarvexti á málskostnað.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum tildæmdur málskostnaður úr hendi hans að mati réttarins.

Mál þetta var dómtekið að loknum munnlegum málflutningi 21. apríl sl. Það var endurupptekið, endurflutt og dómtekið að nýju 3. október sl. Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

II.

Í máli þessu krefur stefnandi stefnda um skaðabætur vegna tjóns, sem hann telur sig hafa orðið fyrir af völdum auglýsingar viðskiptaráðuneytisins, sem birtist í Morgunblaðinu 19. mars 1988 og einnig í öðrum blöðum.

Málsatvik eru þau, að 14. mars 1988 gerði Verðlagsstofnun verðkönnun hjá ljósmyndastofum á höfuðborgarsvæðinu. Tók sú könnun til fermingarmynda, stækkana og skilríkjamynda. Niðurstöður könnunarinnar voru sendar fjölmiðlum með fréttatilkynningum 17. mars 1988 ásamt eintaki af 11. tbl. tímaritsins Verðkönnunar Verðlagsstofnunar. Fréttatilkynningar Verðlagsstofnunar og fréttir um niðurstöður verðkönnunarinnar birtust í útvarpi og sjónvarpi og í dagblöðum 17. til 19. mars 1988. Vegna þessarar

verðkönnunar lét viðskiptaráðuneytið útbúa sérstaka auglýsingu, sem birt var einu sinni í þremur blöðum, í Morgunblaðinu og Tímanum laugardaginn 19. mars og í Dagblaðinu mánudaginn 21. mars 1988. Var þar um að ræða hálfsiðuauglýsingu í lit með myndum og texta.

Stefnandi kærði viðskiptaráðuneytið til rannsóknarlögreglu ríkisins á þeim grundvelli, að myndbirting í auglýsingunni væri refsiverð fölsun. Þá birtist frá stefnanda heilsíðuauglýsing í Morgunblaðinu 22. mars 1988 með sýnishornum af ljósmyndum frá ljósmyndastofu hans, Svipmyndum. Kærumál stefnanda þótti ekki gefa tilefni til afskipta af hálfu ákærvalds.

III.

Stefnandi, sem rekur ljósmyndastofu undir nafninu Svipmyndir, byggir á því, að hennar hafi verið getið í auglýsingunni með þeim hætti, að hann hafi talið sig biða tjón af. Hafi hann því strax látið útbúa auglýsingu til að rétta hlut sinn, og hafi hún birst í Morgunblaðinu þriðjudaginn 22. mars 1988. Stefnandi krefst þess, að stefndi borgi sér allan kostnað af gerð og birtingu þessarar auglýsingar. Þess er getið, að Ljósmyndarafélag Íslands hafi leitað álits síðanefndar SÍA, Sambands íslenskra auglýsingastofa, á auglýsingu viðskiptaráðuneytisins. Niðurstaða nefndarinnar liggja fyrir í bréfi frá 29. mars 1988 til ráðuneytisins, þar sem auglýsingin sé talin brjóta í bága við ýmis ákvæði siðareglna um auglýsingar.

Kröfur stefnanda á hendur stefnda eru reistar á því, að með fyrrgreindri auglýsingu hafi viðskiptaráðuneytið með ólögðum og saknæmum hætti valdið honum tjóni í viðskiptum. Það styður stefnandi við eftirtalin atriði:

Í auglýsingu þeirri, sem stefndi lét útbúa, hafi verið birtar tvær eins myndir af sama fermingarbarninu undir fyrirsögninni: „Hver er munurinn á þessum myndum?“ Við hvora mynd fyrir sig hafi verið verð, 4.000 kr. við aðra, en 8.000 kr. við hina. Neðan máls hafi síðan verið nafngreindar tvær ljósmyndastofur, sem tekið hafi þátt í verðkönnun Verðlagsstofnunar, þar sem fram hafi komið, að önnur taki fermingarmyndir fyrir 4.000 kr., en hin, Svipmyndir, sem er í eigu stefnanda, taki slíkar myndir fyrir 8.000 kr. Hitt sé svo sýnu verra, að hvergi í auglýsingunni komi fram, að neinn annar munur sé á fermingarmyndum frá hinum nafngreindu aðilum en verðið.

Verðlagsstofnun, sem starfar samkvæmt lögum nr. 56/1978, hafi að undanförnu og í vaxandi mæli tekið að gera kannanir á verði ýmissar vöru og þjónustu og birta niðurstöðurnar opinberlega. Þessi starfsemi sé að sjálf-sögu mjög jákvæð og stuðli að því að auka verðskyn almennings og halda með þeim hætti niðri verði á margs konar vörum og þjónustu. Aðhaldið felist í því, að almenningur eigi að öðru jöfnu síður viðskipti við þá, sem setji upp hærra verð. Auglýsingum stefnda viðskiptaráðherra sé sýnilega

ætlað að auka á þessi áhrif og fylgja þeim eftir. Hitt sé svo jafnljóst, að við birtingu á niðurstöðum þessara kannana, svo áhrifamiklar sem þær séu, sé alveg nauðsynlegt að hafa skýra fyrirvara um atriði, sem kunni að réttlæta mismun á verði. Verðlagsstofnun sjálfri sé þessi nauðsyn ljós og taki fyrirvarana jafnan fram, er hún birti niðurstöður kannana. Þá beri og að líta til þess, að almenningur taki mikið mark á auglýsingum frá viðskiptaráðuneyti, gera verði meiri kröfur til auglýsinga frá þeim aðila en ýmsum öðrum.

Ólíkar vörutegundir og þjónustugreinar séu að sjálfsögðu misviðkvæmar fyrir verðsamanburði. Í þessu tilviki, sem hér um ræði, hafi verið gerður samanburður á verði þjónustu, sem hljóti að teljast vera mjög viðkvæm fyrir slíkum samanburði. Ljósmyndun sé viðurkennd listgrein og afrakstur vinnu hvers ljósmyndara sé nátengdur hæfileikum hans, vinnubrögðum, tækjabúnaði og aðstæðum á vinnustað. Af þessu leiði þó ekki, að óheimilt sé að gera og birta samanburð á verði slíkrar þjónustu, og þess sé ekki krafist, að ráðuneytið geri gæðamun á myndum frá þessum aðilum. Þetta tákni aðeins, að vanda þurfi til vinnubragða við slíkan samanburð og taka fram þá fyrirvara, sem hann sé háður. Sé það ekki gert, sé fyrir fram sýnt, að samanburðurinn verði mjög villandi. Viðskiptaráðuneytinu hefði í því tilfelli, sem hér um ræði, t.d. verið í löfa lagið að fá feringarmyndir frá þeim, sem nefndir voru í auglýsingunni, og með því gefa neytendum (sic) kost á að gera raunverulegan samanburð, þar sem fleira komi við sögu en verðið. Mynd sú, sem þarna hafi verið gefið í skyn, að væri frá stefnanda, sé hins vegar í engu samræmi við gæði og þá tegund þjónustu, sem stefnandi telji sig láta í té.

Gera verði mjög strangar kröfur til framsetningar auglýsinga, sem feli í sér samanburð nafngreindra aðila, ekki síst þegar opinberir aðilar standi að auglýsingum. Þar sé um að ræða ríka hagsmuni annarra en auglýsandans sjálfs. Styðjist þetta við þá grundvallarreglu, sem fram komi í 27. gr. laga nr. 56/1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti og siðareglur SÍÁ, sem byggjast á siðareglum Alþjóðaverslunarráðsins. Í niðurstöðu SÍÁ, sem áður hafi verið vitnað til, komi þessi sjónarmið einnig fram.

Viðskiptaráðuneytið hafi þarna verið að auglýsa verðkönnun Verðlagsstofnunar. Ráðuneytið hafi í raun gengið skrefi lengra en Verðlagsstofnun, því að eins og þessari auglýsingu hafi verið háttað, hafi það gert það á ólögsmætan hátt með röngum, ófullnægjandi og villandi upplýsingum um samanburð á þeirri eiginlegu þjónustu, sem þessir aðilar veita.

Telur stefnandi, að stefndi beri óskoraða fébótaábyrgð gagnvart sér á grundvelli reglu skaðabótaréttarins um húsbóndaábyrgð.

Stefnukröfuna rökstyður stefnandi með því, að sér hafi verið full nauð-

syn að birta auglýsingu, sem sýndi og sannaði, hvers eðlis sín þjónusta sé. Stefnandi hafi með þessu verið að verjast af veikum mætti ólögmætri árás af hálfu viðskiptaráðuneytisins og þeim álitshnekki, sem hann hafi crðið fyrir.

Stefnukrafan sundurliðist þannig:

1. Kostnaður við gerð auglýsingar	kr.	104.898
2. Birting í Morgunblaðinu 22. mars 1988	kr.	121.659
Samtals	kr.	226.557

Stefnandi tekur fram, að tjón sitt nemi sjálfsagt miklu hærri fjárhæðum, þótt erfiðleikar séu á að staðreyna slíkt tjón. Þar sé átt við hið ómælda rekstrartjón, sem birting auglýsingar stefnda hafi valdið sér. Vegna sönnunarerfiðleika hafi hann kosið að krefja ekki um bætur vegna þessa.

IV.

Af hálfu stefnda er tekið fram um málavexti, að Verðlagsstofnun hafi um árábil gert samanburð á verði vöru og þjónustu. Hafi niðurstöður verðkannana verið birtar almenningi bæði í fréttabréfi stofnunarinnar, Verðkönnun Verðlagsstofnunar, og með fréttatilkynningum, er sendar hafi verið öllum fjölmiðlum. Kannanir Verðlagsstofnunar hafi ávallt takmarkast við beinan verðsamanburð, og í þeim sé því ekki lagt neitt mat á önnur atriði, s.s. gæði og þjónustu þeirra aðila, sem athugun taki til hverju sinni. Í fréttatilkynningum sínum undanfarin ár hafi stofnunin að jafnaði áréttað þessa staðreynd um eðli verðkannana, og sé allur almenningur vel upplýstur um það atriði.

Vegna tollalækkana um áramót 87/88 og fleiri atriða, sem snerta verð vöru og þjónustu, hafi verið ákveðið að hrinda í framkvæmd sérstöku átaki í verðlagsmálum, er falist hafi í því í fyrsta lagi, að verðkannanir Verðlagsstofnunar yrðu gerðar oftar á næstu mánuðum en verið hafði til þess tíma í því skyni að sporna gegn óeðlilegum verðhækkunum. Í annan stað hafi viðskiptaráðherra ákveðið að kynna verðkannanirnar enn frekar með því að láta gera auk fréttatilkynninga Verðlagsstofnunar sérstakar auglýsingar um hverja könnun, þar sem vakin yrði athygli á niðurstöðum þeirra, bæði almennt og í einstökum atriðum. Í febrúar og mars 1988 hafi farið fram átta verðkannanir, og hafi fyrsta auglýsingin birst 12. febrúar og hin síðasta í lok mars.

Stefndi vísar eindregið á bug þeim sjónarmiðum stefnanda, að auglýsing viðskiptaráðuneytisins, eins og hún var fram sett, hafi falið í sér með röngum, villandi og ófullnægjandi hætti samanburð á þjónustu þeirra aðila, er nafngreindir hafi verið í auglýsingunni. Sömuleiðis er því vísað á bug, að auglýsingin hafi valdið stefnanda bótaskyldu tjóni.

Samkvæmt 13. gr.laga nr. 56/1978 um verðlag o.fl. og 57. gr. laga nr. 13/1979 um stjórn efnahagsmála o.fl. skuli Verðlagsstofnun í því skyni að örva verðskyn kaupenda efla verðsamkeppni og til að tryggja sanngjarna verðlagsþróun rannsaka verð og álagningarhætti á einstökum vörum og vöruflokkum og birta greinargerðir og fréttatilkynningar þar um. Samkvæmt 58. gr. laga nr. 13/1979 skuli Verðlagsstofnun einnig gera reglulega athuganir á innflutningsvöruverði og bera það saman við verð í öðrum löndum, eftir því sem kostur sé, og birta niðurstöður slíkra athugana almenningi.

Umræddri auglýsingu viðskiptaráðuneytisins hafi eins og öðrum auglýsingum ráðuneytisins, er birtust í febrúar og mars 1988, verið ætlað að vekja athygli almennings á þeim mikla verðmun, sem þessi verðkönnun Verðlagsstofnunar hafi leitt í ljós, og þannig leitast við að örva verðsamkeppni og efla verðskyn kaupenda og hvetja þá til að sýna árvekni í verðlagsmálum. Auglýsingin taki að sjálfsögðu að efni og útliti mið af því, að hún er auglýsing og eðli máls samkvæmt ekki vettvangur ýtarlegrar greinargerðar um verðkönnunina. Auglýsingin þurfi að vera þannig úr garði gerð, að hún nái athygli lesandans og veki á hnitmiðaðan hátt áhuga hans á því málefni, sem þar sé til umfjöllunar.

Þegar virt séu lagaákvæði um verðkannanir Verðlagsstofnunar og sú lagaskylda að kynna þær almenningi, sé vandséð, að það geti falið í sér lögbrot af neinu tagi að auglýsa einan út af fyrir sig þann verðmun, sem slík könnun leiði í ljós, eins og gert hafi verið með auglýsingunni. Ekki sé unnt að fallast á, að lög standi til að gera kröfur til þess, að í slíkri auglýsingu og í verðkönnun Verðlagsstofnunar skuli gerður viðtækari samanburður, er taki til gæða og þjónustu þeirra aðila, sem þar séu tilgreindir, eða útlista skuli þær forsendur, sem þessir aðilar gefi sér fyrir verðlagningu sinni, s.s.hæfileika, vinnubrögð og tækjabúnað. Ekki verði séð, að nein sérsjónarmið gildi um verðkönnun á þjónustu ljósmyndastofa, sem er þjónusta iðnaðarmanna, og breyti engu þar um, þótt einstaka ljósmyndir kunni að falla undir listaverk í skilningi 2. mgr. 1. gr. höfundalaga nr. 73/1972 að uppfylltum lagaskilyrðum um nýsköpun að formi eða efni.

Ekki fái staðist, að í auglýsingunni hefði átt að taka af skarið um, hvort einhver annar munur en verðmunur væri á fermingarmyndum frá annars vegar stefnanda og hins vegar ljósmyndastofu Jóns Sæmundssonar. Það sé lögum samkvæmt seljanda sjálfra, en ekki Verðlagsstofnunar, að sýna fram á þann mun, sem réttlæti herra verð, sé hann á annað borð réttlætanlegur, og sýna kaupandanum fram á, að þjónusta og gæði séu í góðu samræmi við verð. Það sé síðan kaupandans og hans eins að leggja mat á það, hvornig til tekst hjá seljandanum, og ákveða, hvert hann fer með viðskipti sín. Það sé hins vegar ekki við ríkisvaldið að sakast, þó að kaupendur

samsinni ekki mati seljanda á sjálfum sér eða vilji ekki kaupa gæðamun því verði, sem upp sé sett, og hann missi við það viðskipti til keppinauta sinna. Þá sé ekki sjálfgefið, að hátt eða lágt verð tákni mismunandi gæði.

Stefndi bendir á, að hvergi í auglýsingunni, hvorki í fyrirsögnnum né texta, sé gefið í skyn, að myndskreytingin stafi frá neinni þeirra þriggja ljósmyndastofa, sem nafngreindar séu í texta auglýsingarinnar, og því sé algerlega vísað á bug, að auglýsingin sé röng og villandi, þar sem hún feli í sér í reynd samanburð á eiginlegri þjónustu þeirra aðila, sem þar séu nafngreindir.

Myndskreytingin gegni því hlutverki að ná athygli lesandans og benda honum á verðmun á fermingarmyndum. Í fyrirsögn og texta auglýsingarinnar sé vakin athygli á þeim mikla verðmun, sem verðkönnun Verðlagsstofnunar hafi leitt í ljós, og tekin dæmi af verðlagningu á þremur ljósmyndastofum og í hvívetna farið þar rétt með staðreyndir. Auglýsingin fjalli um verðkönnun Verðlagsstofnunar, sem alkunn sé og felist beinlínis í orðinu, takmarkist við beinan verðsamanburð, en nái ekki til samanburðar á gæðum eða þjónustu. Því sé engan veginn réttmætt að halda því fram, að auglýsingin gefi í skyn, að myndskreyting í henni stafi frá stefnanda eða öðrum þeim ljósmyndastofum, sem nafngreindar séu í auglýsingunni, og hún feli í sér samanburð á þjónustu þeirra.

Staðhæfingum stefnanda um, að myndskreytingin sé slök að gæðum og fallin til að valda honum álitshnekki, sé eindregið vísað á bug. Mynd þessa hafi atvinnuljósmyndari tekið, og að mati þeirrar auglýsingastofu, er gert hafi auglýsinguna, fullnægi hún að öllu leyti þeim gæðakröfum, sem gera megi til fermingarljósmynda. Stefnandi rökstyðji ekki þessa fullyrðingu sína, og ekki verði séð, að framlögð fermingarmynd af hans hálfu skjóti þar stoðum undir.

Staðhæfingum stefnanda um rekstrartjón, sem engum gögnum séu studdar, sé mótmælt sem ósönnuðum. Því sé og mótmælt, að stefnanda hafi verið full nauðsyn að birta auglýsingu sína.

Er auglýsing viðskiptaráðuneytisins birtist í Morgunblaðinu, Tímanum og Dagblaðinu, höfðu verðkönnun Verðlagsstofnunar verið gerð ýtarleg skil í öllum fjölmiðlum. Í þeirri fjölmiðlaumfjöllun hafi margsinnis komið fram, að í verðkönnun Verðlagsstofnunar væri ekki lagt mat á gæði og þjónustu.

Þegar þetta sé virt og sú staðreynd, að allur almenningur sé vel upplýstur um eðli verðkannana, megi ljóst vera, að kröfugerð stefnanda á hendur stefnda sé ærið langsótt. Það sé hvorki sannað né heldur sé það sennilegt, að auglýsingin hafi í saknæmum atriðum valdið stefnanda bótaskyldu tjóni. Birting heilsíðuauglýsingar í Morgunblaðinu í þeim tilgangi að koma á framfæri leiðréttingu á meintum villandi atriðum í auglýsingu viðskiptaráðuneytis hafi verið algjörlega óþörf, eins og málum var háttað.

Augljóst sé, eins og auglýsingin sé úr garði gerð, að tilgangur með birtingu hennar sé fráleitt sá að koma á framfæri nauðsynlegum leiðréttingum í viðurkvæmilegum búningi.

Auglýsing þessi sé umfram allt almenn auglýsing fyrir ljósmyndastofuna, þar sem leitast sé við með vafasömum hætti að réttlæta hátt verð með því að gefa í skyn, að allar ljósmyndir, sem þar séu teknar, hafi listrænt gildi. Í auglýsingunni séu svo höfð uppi svigurmæli um, að það séu mistök hjá æðstu yfirvöldum verðlagsmála, viðskiptaráðuneyti, að bera eingöngu saman verð, og þau ummæli síðan áréttuð með heimildarlausri birtingu auglýsingar ráðuneytisins í svart/hvítu, ósmekklega yfirstrikaðri með eldrauðum krossi. Eins og auglýsingin sé úr garði gerð, geti, hvað sem öðru líði, engan veginn talist eðlilegt eða réttmætt að gera stefnda að greiða stefnanda kostnað af gerð hennar og birtingu.

Þess var ekki óskað, að fram færu skýrslutökur fyrir dómi í máli þessu.

V.

Stefnandi, sem rekur ljósmyndastofuna Svipmyndir, reisir dómkröfur sínar á því, svo sem fram er komið, að stefndi sé bótaskyldur vegna þess tjóns, sem stefnandi hafi orðið fyrir með birtingu auglýsingar viðskiptaráðuneytisins.

Auglýsing þessi birtist m.a. í Morgunblaðinu 19. mars 1988, og hefur sú auglýsing verið lögð fram í málinu. Er þar um að ræða hálf síðu auglýsingu í lit með myndum og texta. Í auglýsingunni er sama fermingarmyndin birt tvisvar, en mismunandi fjárhæðir tilgreindar við myndirnar, annars vegar 4.000 kr., en hins vegar 8.000 kr. Fyrir ofan myndirnar er skráð stóru og áberandi lettri: „Hver er munurinn á þessum myndum?“ Fyrir neðan myndirnar er skráð með sama lettri: „Verðmunurinn.“

Neðan máls í auglýsingunni er tekið fram, að í 11. tölublaði Verðkönnunar Verðlagsstofnunar, sem gefið hafi verið út 18. mars, komi fram ótrúlegur verðmunur á fermingarmyndatökum. Síðar segir svo feitletrað: „Á ljósmyndastofu Jóns K. Sæmundssonar kostar myndatakan 4000 kr., og er ekkert aukagjald, þótt hún fari fram á fermingardeggi. Hjá Svipmyndum kostar fermingarmyndatakan 8000 kr. og aukagjald tekið, ef hún fer fram á fermingardeggi, 1000 kr. Hér er verðmunurinn 4000 kr. eða 100%. — Það munar um minna.“

Í auglýsingu þessari er enginn fyrirvari um það, að ekki sé lagt mat á gæði og þjónustu, svo sem jafnan er tekið fram í verðkönnunum Verðlagsstofnunar.

Svo sem gerð þessarar auglýsingar og framsetningu var háttað samkvæmt framansögðu, er sterklega gefið í skyn, að eini munurinn á fermingarmyndatökum hjá tilgreindum ljósmyndastofum sé verðmunurinn, enda

engir fyrirvarar um annað í auglýsingunni. Þótt áréttað sé í auglýsingunni, að hún fjalli um verðkönnun Verðlagsstofnunar, verður ekki talið, að sú tilvísun ein út af fyrir sig feli í sér fullnægjandi fyrirvara um það, að eingöngu sé um verðsamanburð að ræða. Þá er auglýsing þessi ónákvæm og villandi að því leyti, að gefið er í skyn, að myndirnar tvær, sem birtar eru, stafi frá þeim ljósmyndastofum, sem samanburðurinn tekur til. Svo er þó ekki raunin, um er að ræða eina og sömu ljósmyndina, sem ótiltekinn ljósmyndari hefur tekið.

Samkvæmt framlögðu álitni siðanefndar SÍA, Sambands íslenskra auglýsingastofa, er auglýsing þessi talin brjóta í bága við 4. gr. siðareglna um auglýsingar, er segir, að auglýsingar skuli ekki innihalda staðhæfingar eða myndir, sem líklegar séu til að villa um fyrir kaupendum, beint eða óbeint, með því að gefa eitthvað í skyn, halda eftir nauðsynlegum upplýsingum eða með því að nota tvíræða framsetningu eða ýkjur.

Þegar litið er til þess, sem einnig kemur fram í álitni siðanefndar SÍA, hversu samanburður í auglýsingum er vandmeðfarinn, og hér er um að ræða þjónustugrein, ljósmyndun, þar sem slíkur samanburður verður að teljast sérlega vandasamur, þá bar viðskiptaráðuneyti að vanda mjög til auglýsingar sinnar og hafa í henni ótvíræða fyrirvara um það, að ekki væri lagt mat á gæði og þjónustu, heldur eingöngu um beinan verðsamanburð að ræða.

Samkvæmt framansögðu og með hliðsjón af ákvæðum 27. gr. laga nr. 56/1978 verður talið, að framsetning greindrar auglýsingar hafi verið ólögsmæt gagnvart stefnanda og til þess fallin að valda honum tjóni í viðskiptum. Ber því að fallast á það með stefnanda, að stefndi sé bótaskyldur gagnvart honum vegna þessa.

Bótakröfu sína miðar stefnandi við útlagðan kostnað vegna þeirrar auglýsingar, sem hann lét sjálfur birta. Þeirri fjárkröfu hefur ekki verið andmælt tölulega, en hins vegar er staðhæfingum stefnanda um rekstrar-tjón mótmælt sem ósönnuðum.

Ef litið er til þess, hversu örðugt það er stefnanda að sýna fram á rekstrartjón sitt vegna auglýsingar viðskiptaráðuneytisins, og að þau viðbrögð stefnanda að birta auglýsingu til andsvara voru eðlileg, eins og á stóð, þykir eftir atvikum mega fallast á, að þessi kostnaðarfjárhæð sé lögð til grundvallar bótum til stefnanda, enda engin krafa um það gerð, að lægri fjárhæð verði dæmd að álitum.

Samkvæmt framansögðu ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda 226.557 kr. og með þeim vöxtum, sem krafist er og nánar greinir í dómsorði.

Eftir þessum úrslitum ber og að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem miðað við höfuðstólskröfu telst hæfilega ákveðinn 75.000 kr. að meðtöldum söluskatti.

Eggert Óskarsson borgardómari kvað upp dóm þennan.
Dómsuppsaga hefur dregist vegna embættisanna dómarans.

D ó m s o r ð:

Stefndi, viðskiptaráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Sigurgeiri Sigurjónssyni, 226.557 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 17. júní 1988 til greiðsludags og 75.000 kr. í málskostnað að meðtöldum söluskatti. Dráttarvöxtum skal bætt við höfustól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 17. júní 1989.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.
